



SGS

Starfsgreinasamband Íslands



Kjarasamningur

Starfsgreinasambands Íslands annars vegar
og Landsambands smábátæigenda
og Samtaka smærri útgerða hins vegar

Gildistími: 1. febrúar 2024 - 31. janúar 2028

Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landsamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 44.000 félagsmenn.

Meginhlutverk Starfsgreinasambandsins er að sameina verkalyðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalyðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

Fylgstu með breytingum á launakjörum og nýjustu fréttum á www.sgs.is

Mynd: Landsamband smábátaeigenda

Prentun: Litróf

Umbrot og hönnun: Bongo Design

Ákvæðisvinna við línu og net

Kjarasamningur

Starfsgreinasambands Íslands

annars vegar

og Landssambands smábátæigenda og
Samtaka smærri útgerða hins vegar

Gildistími: 1. febrúar 2024 - 31. janúar 2028

Heildarútgáfa samningsins byggir á kjarasamningi
SGS og SA undirrituðum 7. mars 2024.

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við uppstokkun eða beitningu í landi annarra en þeirra sem eru hlutaráðnir, enda gilda þar ákvæði sjómannasamninga. Samningurinn gildir jafnframt fyrir starfsmenn sem starfa við netavinnu.

2. gr. Launahækkunir

Hækkunir á öllum launaliðum samningsins miðast við 15. launaflokk og 5 ára starfsaldursþrep í launatöflu SGS og SA, nema annað sé tekið fram.

Kauptrygging hækkar á samningstímabilinu sem hér segir:

Dagsetning	Hækkun	Kauptrygging eftir hækkun
1. febrúar 2024	26.466 kr.	474.690 kr.
1. janúar 2025	26.465 kr.	501.155 kr.
1. janúar 2026	26.466 kr.	527.621 kr.
1. janúar 2027	26.465 kr.	554.086 kr.

Starfsaldurshækkunir

Eftir tveggja ára starf hjá sama atvinnurekanda greiðist 1% á kauptryggingu.

Eftir þriggja ára starf hjá sama atvinnurekanda greiðist 2% á kauptryggingu.

3. gr. Launakjör

a) Beitning með beituskurði

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi pr. bjóð samkvæmt neðangreindri töflu frá 1. febrúar 2024:

- » 420 krókar með beituskurði kr. 5.177
- » 450 krókar með beituskurði kr. 5.549
- » 500 krókar með beituskurði kr. 6.165
- » 540 krókar með beituskurði kr. 6.661

Sé línán lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti og sjái um beituskurð án annarrar vinnu við bátinn.

b) Beitning án beituskurðar

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi pr. bjóð samkvæmt neðangreindri töflu frá 1. febrúar 2024:

- » 420 krókar án beituskurðar kr. 4.742
- » 450 krókar án beituskurðar kr. 5.076
- » 500 krókar án beituskurðar kr. 5.642
- » 540 krókar án beituskurðar kr. 6.098

Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti án annarrar vinnu við bátinn.

c) Uppstokkun á línu

Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 74% af verði fyrir beitningu á bjóði samkvæmt a-lið þessarar greinar. Greiðslur fyrir uppstokkun taka mið af lengd bjóða með sambærilegum hætti og er fyrir beitningu. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

- » 420 króka uppstokkun kr. 3.831
- » 450 króka uppstokkun kr. 4.105
- » 500 króka uppstokkun kr. 4.563
- » 540 króka uppstokkun kr. 4.928

d) Lagfæring línu á rekka

Fyrir lagfæring línu og króka af rekka hjá bátum með vélbeitningu þar sem ekki er verið að færa á milli rekka skal greiða 43% af verði fyrir beitningu á bjóði samkvæmt b-lið þessarar greinar. Greiðslur taka mið af lengd línu með sambærilegum hætti og er fyrir beitningu. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

- » 400 króka uppstokkun kr. 1.940
- » 420 króka uppstokkun kr. 2.036
- » 450 króka uppstokkun kr. 2.183
- » 500 króka uppstokkun kr. 2.425

e) Skilgreining vinnu

Heimilt er að láta starfsmenn vinna við umhirðu á línu svo sem uppstokkun og aðstöðu í starfsstöð. Það er í þeim tilfellum sem starfsmenn ná ekki að beita/stokka upp sem nemur mánaðarlegri kauptryggingu enda skal sú vinna fara fram á dagvinnutíma.

f) Vinna á frídögum

Þegar starfsmaður er kvaddur til vinnu á frídögum skv. gr. 2.3.2 í aðalkjarasamningi bætist við 80% álag á greiðslu. Sama álag greiðist á þeim sunnudögum sem kallað er til vinnu eftir að kauptryggingu er náð innan almanaks mánaðarins.

g) Samningsforsendur

Samningur þessi er miðaður við 6 millimetra og 7 millimetra svera línu og mest 1,20 metra á milli króka. Ef bregður út af þessum samningsforsendum ber að semja um þá vinnu sérstaklega.

h) Lenging á milli króka

Ef lengd á milli króka er 1,20 metrar til og með 1,30 metrar skal greiða 10% álag á beitt bjóð. Ef bregður út af þessum samningsforsendum ber að semja um þá vinnu sérstaklega.

4. gr. Landmenn

Samið skal sérstaklega við þá sem sjá um að taka á móti bát úr róðri, sjá um að koma beitu fyrir í klefa, greiða úr flækjum eða flóka sem rekja má til ytri aðstæðna og annast aðra umsýslu.

Á vinnustað skulu atvinnurekendur sjá um að lyfjakassi sé á staðnum með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum. Starfsmenn skulu hafa viðunandi aðgang að salernisaðstöðu, vaski og húsnæði til kaffidrykkju og geymslu á hlífðarfötum.

5. gr. Starfshlutfall

Starfsmaður sem stokkar upp eða beitir ákveðinn fjölda bjóða á dag samkvæmt eftirfarandi reglu telst vera í fullu starfi við beitningu. Sé hann ráðinn til að beita færri bjóð skerðist starfshlutfall hans sem því nemur. Fullt starf er skilgreint í samningi þessum að beitt sé í 14 daga í mánuði hverjum.

Bjóð með beituskurði:

- » 420 króka bjóð = 6,55 bjóð á dag
- » 450 króka bjóð = 6,11 bjóð á dag
- » 500 króka bjóð = 5,50 bjóð á dag
- » 540 króka bjóð = 5,09 bjóð á dag

Bjóð án beituskurðar:

- » 420 króka bjóð = 7,15 bjóð á dag
- » 450 króka bjóð = 6,68 bjóð á dag
- » 500 króka bjóð = 6,01 bjóð á dag
- » 540 króka bjóð = 5,56 bjóð á dag

Uppstokkun á línu:

- » 420 króka bjóð = 8,85 bjóð á dag
- » 450 króka bjóð = 8,26 bjóð á dag
- » 500 króka bjóð = 7,43 bjóð á dag
- » 540 króka bjóð = 6,88 bjóð á dag

Lagfæring línu á rekka:

- » 400 króka bjóð = 17,48 bjóð á dag
- » 420 króka bjóð = 16,65 bjóð á dag
- » 450 króka bjóð = 15,53 bjóð á dag
- » 500 króka bjóð = 13,98 bjóð á dag

6. gr. Kauptrygging

Beitningamenn sem eru fastráðnir skulu hafa kauptryggingu á mánuði kr. 474.690. Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn stocchi upp eða beiti ákveðinn fjölda bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu sem viðkomandi starfsmaður stokkar upp eða beitir reglulega. Komi til þess að brætur eða aðrar aðstæður hamli veidum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjölda bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu.

Kauptrygging kr. 474.690,-

Með beituskurði	420 króka bjóð: 91,70 bjóð á mánuði
	450 króka bjóð: 85,54 bjóð á mánuði
	500 króka bjóð: 77,00 bjóð á mánuði
	540 króka bjóð: 71,26 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 474.690,-

Án beituskurðar	420 króka bjóð: 100,10 bjóð á mánuði
	450 króka bjóð: 93,52 bjóð á mánuði
	500 króka bjóð: 84,14 bjóð á mánuði
	540 króka bjóð: 77,84 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 474.690,-

Uppstokkun á línu	420 króka bjóð: 123,90 bjóð á mánuði
	450 króka bjóð: 115,64 bjóð á mánuði
	500 króka bjóð: 104,02 bjóð á mánuði
	540 króka bjóð: 96,32 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 474.690,-

Lagfæring línu á rekka	400 króka bjóð: 244,72 bjóð á mánuði
	420 króka bjóð: 233,10 bjóð á mánuði
	450 króka bjóð: 217,42 bjóð á mánuði
	500 króka bjóð: 195,72 bjóð á mánuði

7. gr. Vinna við línu og netavinnu

Uppsetning línu

Greiðsla án orlofs

Fyrir að hnýta 1000 nælontauma	kr. 6.028
Sé aðeins hnýttur krókur	kr. 3.590
Fyrir að setja upp línu, 100 tauma	kr. 1.923

Vinna við þorskanet

Fyrir að fella net á teina (blý- og flotteina)	kr. 4.218
Fyrir að setja netaslöngu á pípur	kr. 1.808
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	<u>kr. 328</u>

Samtals þorskanet kr. 6.353

Fyrir að fella þorskanet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 4.218. kr. 4.640

Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum kr. 4.441

Vinna við grásleppunet

Fyrir að fella grásleppunet á teina (blý- og flotteina)	kr. 5.062
Fyrir að setja grásleppunetaslöngu á pípur	kr. 3.619
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	<u>kr. 328</u>

Samtals grásleppunet kr. 9.008

Fyrir að nálfella grásleppunet	kr. 11.870
Fyrir að fella grásleppunet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 4.780	kr. 5.568
Fyrir að skera af grásleppuneti, losa brjóst af teinum og hringa teinana	kr. 5.235

8. gr. Orlofs- og desemberuppbót

Greiða skal starfsmönnum við línu og netavinnu orlofs- og desemberuppbót í hlutfalli við starfstíma og starfshlutfall þeirra.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024	106.000 kr.
Á árinu 2025	110.000 kr.
Á árinu 2026	114.000 kr.
Á árinu 2027	118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024	58.000 kr.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025	60.000 kr.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026	62.000 kr.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027	64.000 kr.

9. gr. Ráðningarsamningur

Sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klst. á viku skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega.

10. gr. Orlofsréttur

Lágmarksorlof skal vera 10,64% eða 25 dagar. Eftir að starfsmaður hefur starfað við beitningu eða netafellingu í 5 ár skal rétturinn vera 11,11% eða 26 dagar. Með sama hætti öðlast starfsfólk sem starfað hefur í fullu starfi við beitningu eða netafellingu í 10 ár 30 daga orlofsrétt eða 13,04% orlofslaun.

Frá og með 1. maí 2025 breytist orlofsávinnsla sem hér segir (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026): Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 28 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,07%.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í annarri starfsgrein í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

11. gr. Vetrororlof

Á tímabilinu september til apríl, að báðum mánuðum meðtöldum, er fastráðnum línu-beitningamanni heimilt að taka sér orlof sem nemur tveimur dögum. Orlofið skal tekið í samráði við atvinnurekanda þar sem gætt skal að hagsmunum beggja aðila. Réttur til töku vetrororlofs verður virkur eftir eitt ár í starfi hjá sama atvinnurekanda og endurnýjast 1. maí ár hvert. Ótekið vetrororlof skal gert upp við starfslok. Heimilt er með samkomulagi atvinnurekanda og starfsmanns að greiðsla komi í stað umrædds orlofs og er greiðslan þá 6,55 bjóð miðað við 420 króka með beituskurði pr. frídag. Á launaseðli skal sundurgreina vetrororlof frá öðrum launaliðum.

12. gr. Uppgjör

Um uppgjör og launaseðla fer eins og kveðið er á um í grein 1.10. í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

13. gr. Vinnutími

Um vinnutíma og lágmarkshvöld fer eins og kveðið er á um í 2. kafla í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

14. gr. Veikindaréttur

Um greiðslu launa í veikinda- og slysatillfellum og slysatryggingar fer eins og kveðið er á um í 8. kafla í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

15. gr. Hlífðarfatnaður

Atvinnurekandi skal leggja til hlífðarfatnað (svuntu, viðeigandi vettlinga, stígvél, buxur og slopp) Þar sem því verður ekki við komið skal fastráðinn beitningamaður hafa heimild til úttektar á vinnufatnaði hjá útgerðinni að upphæð kr. 9.108 á mánuði m.v. 1. febrúar 2024. Fatapeningar taka hækkunum á samningstímabilinu sem hér segir:

1. janúar 2025: 9.619 kr.

1. janúar 2026: 10.128 kr.

1. janúar 2027: 10.635 kr.

Lausráðnir beitningamenn og starfsmenn við netafellingu skulu fá viðeigandi hlífðarfatnað.

16. gr. Greiðslur í lífeyrissjóð

Atvinnurekandi skal greiða 11,5% og starfsmaður 4% af öllum launum í lífeyrissjóð.

Viðbótarframlag atvinnurekanda í séreignasjóð skal vera 2% af öllum launum gegn 2% eða hærra framlagi starfsmanns í séreignasjóð.

17. gr. Starfsendurhæfingarsjóður

Um framlög til starfsendurhæfingarsjóðs fer samkvæmt 10. kafla í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

18. gr. Félagsgjald og önnur gjöld

Atvinnurekandi skal halda eftir félagsgjaldi af öllum launum starfsmanna og greiða þau til viðkomandi stéttarfélags. Um önnur gjöld s.s. gjald í orlofssjóð, sjúkrasjóð og starfsmenntasjóð fer eins og kveðið er á um í 10. kafla kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

19. gr. Frekari fríðindi

Nú hefur beitningamaður hærra kaup eða frekari fríðindi en samningur þessi ákveður og skal þá það kaup og þau fríðindi haldast.

20. gr. Önnur atriði

Um önnur atriði sem ekki eru tilgreind í þessum samningi vísast í aðalkjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

21. gr. Gildistími og samningsforsendur

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um að samningnum hafi verið hafnað fyrir klukkan 16:00 þann 30. september 2024 skoðast hann samþykktur. Um samningsforsendur, kauptaxtaauka, framleiðniauka og viðbrögð við forsendubresti fer skv. almennum kjarasamningum aðildarféлага SGS og SA frá mars 2024. Verði almennum kjarasamningum sagt upp skal uppsögn einnig ná til þessa samnings.

Reykjavík 31. júlí 2024

Starfsgreinasamband Íslands | Landsamband smábátaeigenda | Samtök smærri útgerða

Beitning og uppstokkun frá 1. febrúar 2024

	Kauptrygging	Tegund	Fj. pr. mán.	Gr. pr. bjóð	Fj. bjóða á dag	Samt. pr. dag
Bjóð með beituskurði		420 króka bjóð	91,70	5.177 kr.	6,55	33.906 kr.
		450 króka bjóð	85,54	5.549 kr.	6,11	33.906 kr.
		500 króka bjóð	77,00	6.165 kr.	5,50	33.906 kr.
		540 króka bjóð	71,26	6.661 kr.	5,09	33.906 kr.
Bjóð án beitu-skurðar		420 króka bjóð	100,10	4.742 kr.	7,15	33.906 kr.
		450 króka bjóð	93,52	5.076 kr.	6,68	33.906 kr.
		500 króka bjóð	84,14	5.642 kr.	6,01	33.906 kr.
		540 króka bjóð	77,84	6.098 kr.	5,56	33.906 kr.
Uppstokkun á línu	474.690 kr.	420 króka bjóð	123,90	3.831 kr.	8,85	33.906 kr.
		450 króka bjóð	115,64	4.105 kr.	8,26	33.906 kr.
		500 króka bjóð	104,02	4.563 kr.	7,43	33.906 kr.
		540 króka bjóð	96,32	4.928 kr.	6,88	33.906 kr.
Lagfæring línu á rekka		400 króka bjóð	244,72	1.940 kr.	17,48	33.906 kr.
		420 króka bjóð	233,10	2.036 kr.	16,65	33.906 kr.
		450 króka bjóð	217,42	2.183 kr.	15,53	33.906 kr.
		500 króka bjóð	195,72	2.425 kr.	13,98	33.906 kr.

Beitning og uppstokkun frá 1. janúar 2025

	Kauptrygging	Tegund	Fj. pr. mán.	Gr. pr. bjóð	Fj. bjóða á dag	Samt. pr. dag
Bjóð með beituskurði		420 króka bjóð	91,70	5.465 kr.	6,55	35.797 kr.
		450 króka bjóð	85,54	5.859 kr.	6,11	35.797 kr.
		500 króka bjóð	77,00	6.509 kr.	5,50	35.797 kr.
		540 króka bjóð	71,26	7.033 kr.	5,09	35.797 kr.
Bjóð án beitu-skurðar		420 króka bjóð	100,10	5.007 kr.	7,15	35.797 kr.
		450 króka bjóð	93,52	5.359 kr.	6,68	35.797 kr.
		500 króka bjóð	84,14	5.956 kr.	6,01	35.797 kr.
		540 króka bjóð	77,84	6.438 kr.	5,56	35.797 kr.
Uppstokkun á línu	501.155 kr.	420 króka bjóð	123,90	4.045 kr.	8,85	35.797 kr.
		450 króka bjóð	115,64	4.334 kr.	8,26	35.797 kr.
		500 króka bjóð	104,02	4.818 kr.	7,43	35.797 kr.
		540 króka bjóð	96,32	5.203 kr.	6,88	35.797 kr.
Lagfæring línu á rekka		400 króka bjóð	244,72	2.048 kr.	17,48	35.797 kr.
		420 króka bjóð	233,10	2.150 kr.	16,65	35.797 kr.
		450 króka bjóð	217,42	2.305 kr.	15,53	35.797 kr.
		500 króka bjóð	195,72	2.561 kr.	13,98	35.797 kr.

Beitning og uppstokkun frá 1. janúar 2026

	Kauptrygging	Tegund	Fj. pr. mán.	Gr. pr.bjóð	Fj. bjóða á dag	Samt. pr.dag
Bjóð með beituskurði		420 króka bjóð	91,70	5.754 kr.	6,55	37.687 kr.
		450 króka bjóð	85,54	6.168 kr.	6,11	37.687 kr.
		500 króka bjóð	77,00	6.852 kr.	5,50	37.687 kr.
		540 króka bjóð	71,26	7.404 kr.	5,09	37.687 kr.
Bjóð án beituskurðar	527.621 kr.	420 króka bjóð	100,10	5.271 kr.	7,15	37.687 kr.
		450 króka bjóð	93,52	5.642 kr.	6,68	37.687 kr.
		500 króka bjóð	84,14	6.271 kr.	6,01	37.687 kr.
		540 króka bjóð	77,84	6.778 kr.	5,56	37.687 kr.
Uppstokkun á línu		420 króka bjóð	123,90	4.258 kr.	8,85	37.687 kr.
		450 króka bjóð	115,64	4.563 kr.	8,26	37.687 kr.
		500 króka bjóð	104,02	5.072 kr.	7,43	37.687 kr.
		540 króka bjóð	96,32	5.478 kr.	6,88	37.687 kr.
Lagfæring línu á rekka		400 króka bjóð	244,72	2.156 kr.	17,48	37.687 kr.
		420 króka bjóð	233,10	2.263 kr.	16,65	37.687 kr.
		450 króka bjóð	217,42	2.427 kr.	15,53	37.687 kr.
		500 króka bjóð	195,72	2.696 kr.	13,98	37.687 kr.

Beitning og uppstokkun frá 1. janúar 2027

	Kauptrygging	Tegund	Fj. pr. mán.	Gr. pr.bjóð	Fj. bjóða á dag	Samt. pr.dag
Bjóð með beituskurði		420 króka bjóð	91,70	6.042 kr.	6,55	39.578 kr.
		450 króka bjóð	85,54	6.478 kr.	6,11	39.578 kr.
		500 króka bjóð	77,00	7.196 kr.	5,50	39.578 kr.
		540 króka bjóð	71,26	7.776 kr.	5,09	39.578 kr.
Bjóð án beitu-skurðar	554.086 kr.	420 króka bjóð	100,10	5.535 kr.	7,15	39.578 kr.
		450 króka bjóð	93,52	5.925 kr.	6,68	39.578 kr.
		500 króka bjóð	84,14	6.585 kr.	6,01	39.578 kr.
		540 króka bjóð	77,84	7.118 kr.	5,56	39.578 kr.
Uppstokkun á línu		420 króka bjóð	123,90	4.472 kr.	8,85	39.578 kr.
		450 króka bjóð	115,64	4.791 kr.	8,26	39.578 kr.
		500 króka bjóð	104,02	5.327 kr.	7,43	39.578 kr.
		540 króka bjóð	96,32	5.753 kr.	6,88	39.578 kr.
Lagfæring línu á rekka		400 króka bjóð	244,72	2.264 kr.	17,48	39.578 kr.
		420 króka bjóð	233,10	2.377 kr.	16,65	39.578 kr.
		450 króka bjóð	217,42	2.548 kr.	15,53	39.578 kr.
		500 króka bjóð	195,72	2.831 kr.	13,98	39.578 kr.

Vinna við net	1. feb 2024	1. jan 2025	1. jan 2026	1. jan 2027
Uppsetning línu				
Fyrir að hnýta 1000 nælontauma	6.028 kr.	6.365 kr.	6.703 kr.	7.038 kr.
Sé aðeins hnýttur krókur	3.590 kr.	3.791 kr.	3.992 kr.	4.192 kr.
Fyrir að setja upp línu, 100 tauma	1.923 kr.	2.031 kr.	2.138 kr.	2.245 kr.
Vinna við þorskanet				
Fyrir að fella net á teina (blý- og flotteina)	4.218 kr.	4.454 kr.	4.690 kr.	4.925 kr.
Fyrir að setja netaslöngu á pípur	1.808 kr.	1.909 kr.	2.010 kr.	2.111 kr.
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	328 kr.	347 kr.	365 kr.	383 kr.
<i>Samtals þorskanet</i>	6.353 kr.	6.709 kr.	7.064 kr.	7.417 kr.
Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum og hringa teinana	4.441 kr.	4.690 kr.	4.939 kr.	5.186 kr.
Vinna við grásleppunet				
Fyrir að fella grásleppunet á teina (blý- og flotteina)	5.062 kr.	5.345 kr.	5.629 kr.	5.910 kr.
Fyrir að setja grásleppunetaslöngu á pípur	3.619 kr.	3.821 kr.	4.024 kr.	4.225 kr.
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	328 kr.	347 kr.	365 kr.	383 kr.
<i>Samtals grásleppunet</i>	9.008 kr.	9.512 kr.	10.016 kr.	10.517 kr.
Fyrir að náfella grásleppunet	11.870 kr.	12.535 kr.	13.199 kr.	13.859 kr.
Fyrir að fella grásleppunet á notaða teina og gera við	5.568 kr.	5.880 kr.	6.192 kr.	6.501 kr.
Fyrir að skera af grásleppuneti, losa brjóst af teinum og hringa teinana	5.235 kr.	5.528 kr.	5.821 kr.	6.112 kr.

